

# Gjaldskrá

## Tónlistarskóla Garðabæjar

### 1. gr.

Skólagjöld Tónlistarskóla Garðabæjar eru innheimt samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra.

### 2. gr.

Skólagjöld skólaárið 2021-2022 eru eftirfarandi:

Hljóðfæranám, hóptímar	kr.	46.100
Hljóðfæranám – grunn og miðstig, fullt nám	kr.	106.400
Hljóðfæranám – framhaldsáfangi, fullt nám	kr.	116.800
Söngnám – grunn og miðáfangi, fullt nám	kr.	106.400
Söngnám – framhaldsáfangi	kr.	116.900
Suzuki nám	kr.	94.200
Hljóðfæraleiga	kr.	11.400

### 3. gr.

Greiða skal staðfestingargjald kr. 10.000 við innritun og er það óendurkræft.

### 4. gr.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

### 5. gr.

Í þeim tilvikum sem systkin yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur fyrir eldra systkin eða eldri systkin. Systkinaafsláttur skal nema 20% fyrir annað systkin og 30% fyrir þriðja systkin. Við ákvörðun afsláttar skal miða við fjárhæð gjalda þannig að það systkin sem greiðir næst mest skal fyrst njóta afsláttar o.s.frv.

### 6.gr.

Nemandi sem stundar nám á fleira en eitt hljóðfæri skal veittur 20% afsláttur frá námsgjaldi á annað hljóðfæri.

### 7. gr.

Gjalddagar skólagjalda skulu vera 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Heimilt er að greiða gjöldin með greiðslukortum samkvæmt samkomulagi við bæjarskrifstofur Garðabæjar sem annast innheimtu gjaldanna.

### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 20. maí 2021 og gildir frá og með skólaárinu 2021-2022.

Garðabæ, 20. maí 2021

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.